

Láttu önnur fyrirtæki um að vinna verkefnið fyrir ykkur – vinnuverndarmál í hnotskurn!

Árni Jósteinsson fyrir Vinnuumhverfissetrið ehf í febrúar 2017

Verkefnishópurinn að baki verkefninu „Verkstjórn og vinnuvernd“ er þessa dagana að gangsetja áhugaverða heimasíðu um vinuverndar- og öryggismál á www.ohu.is. Aðstandendur síðunnar stefna að því að taka saman og miðla viðamikilli þekkingu á markaðstorgi upplýsinga um vinnuvernd skipt upp eftir einstökum atvinnugreinum – að erlendri fyrirmynd.

Heimasíðan www.ohu.is er nýlega farin í loftið en á þeirri síðu er ætlunin að birta efni um vinnuverndar- og öryggismál þannig að öll fyrirtæki þurfi ekki að finna upp hjólið í vinnuverndarstarfinu. Aðstandendur verkefnisins hafa horft til danskrar fyrirmyndar (www.bar-web) þ.e. heimasíðu svonefndra atvinnugreinaráða í Danmörku.

Aðstandendur verkefnisins telja heimskulegt ef öll fyrirtæki eru að finna upp hjólið – við að gera vinnuumhverfi svipaðra starfsgreina betra, heilsusamlegra og öruggara. Aðstandendur telja að það geti því verið gagnlegt ef fyrirtæki innan skyldra starfsgreina – líka þrátt fyrir samkeppnina – þá geti þau átt sameiginlegan gagnabanka með gagnlegum upplýsingum varðandi vinnuumhverfismál – þ.e. þetta með að bæta og gera vinnuumhverfi öruggara, heilsusamlegra og betra.

Nokkur dæmi sem gætu vakið til umhugsunar:

- Öll fyrirtæki eiga að framkvæma áhættumat (hvaða aðferðir, gátlistar, helstu vandamál og lausnir)
- Hvað er „Best praxis“ við framkvæmd vinnu í þessum bransa!
- Hvaða forvarnaraðferðir eru fyrirtækin í bransanum að nota og hvernig?
- Þegar vélasamstæður eru settar saman – eða þeim breytt - þarf stundum að CE merkja samstæðurnar/vélarnar – hvaða reglur gilda þarna helst?
- Í mannvirkjagerð þarf að útbúa og fara eftir svonefndum ÖHU áætlunum – hvað eiga þessar áætlanir að innihalda nákvæmlega, hverjir gera þær og hvernig fylgir maður þeim eftir!
- Öryggismenning er talin öflugasta forvarnaraðferðin (þá passa starfsmenn líka hver annan) – hvernig getur maður ýtt undir heppilega öryggismenningu!
- Hvatning og virkjun starfsmanna skiptir miklu um frammistöðu fyrirtækjanna – hvernig ...?
- Þekkingarmiðlun er mikilvæg í ótrúlega mörgu samhengi – hvernig er henni best fyrir komið!
- Markþjálfun (coaching) er öflugt verkfæri, líka í vinnuverndar- og öryggismálum -hvernig er hægt að nota aðferðir markþjálfunar til framdráttar í vinnuumhverfisstarfinu!
- Því er haldið fram að fjárfesting í vinnuverndarmálum sé með arðsamari verkefnum, hver er ávinningurinn í alvörunni?
- Það eru margir sem hafa aldrei heyrt um „stjórnun upp á við, niður, til hliðar og út á við“ – gæti þekking á stjórnunarviddum verið til bóta!
- Heilsuefning, deilustjórnun, jákvæð sálfræði, nudging, samningatækni, að segja „nei“ – það eru mörg verkfæri til í vinnuverndarálunum í dag

Í Danmörku hafa menn lengi starfrækt þjónustu sem á nokkuð skylt við hugmyndir aðstandenda verkefnisins „Verkstjórn og vinnuvernd“ – sjá vefinn www.bar-web.dk þar sem menn hafa sett gríðarmikið efni um vinnuverndarmál á netið.

Aðstandendur verkefnisins tóku viðtöl við nokkra starfsmenn meðal helstu fyrirtækja í málmiðnaði (með marga félagsmenn innan VM) til að heyra álit þeirra á hvað væri eftirsóknarverðast að taka fyrir

til að bæta þekkingu og vinnuumhverfi viðkomandi starfsmanna. Meðal efnisatriða sem voru rædd í þessum viðtölum voru:

- Hvað hafa starfsmenn tengdir VM hjá ykkur helst þörf fyrir og áhuga á?
- Hvað er gert fyrir þá núna og hvað vantar helst uppá?

Einnig var rætt við starfsmennina hvort þeim þætti þetta áhugaverð nálgun við vinnuverndarmálin og hvort líkur væru á að fyrirtækin sem þeir störfuðu hjá væru líkleg til að hafa áhuga á þátttöku í einhverri mynd s.s. að deila sögum og sjónarmiðum, veita umsagnir, skrifa efnisgreinar o.s.frv. Viðbrögðin voru öll á þann veg að þessi nálgun gæti verið gagnleg – og gæti klárlega auðveldað störf fyrirtækja varðandi vinnuverndar- og öryggismálin.

Aðstandendur www.ohu.is sömdu 3 bæklinga sérstaklega fyrir heimasíðuna í tilefni standsetningar síðunnar þ.e. bækling um ábyrgð stjórnenda varðandi vinnuumhverfi starfsmanna, bækling um CE merkingar (þ.e.líklega einn fyrsti bæklingurinn héraendis um CE merkingar á vélasamstæðum ásamt kröfunum um CE merkingar vegna breytinga o.fl) og loks almennan bækling um vinnuverndarþætti þar sem birt eru nokkur áhugaverð nútíma verkfæri byggð á atferlisvísindum sem miða að virkjun starfsfólks fyrirtækjanna.

Meðal efnis sem ætlunin er að taka fyrir á vettvangi verkefnisins á næstunni (byggt á ábendingum viðtala) eru „stjórnun upp á við“ og „history-telling“ en ábendingar hafa borist um að þörf sé frekari virkjun æðstu stjórnenda fyrirtækja í vinnuverndar- og öryggismálunum.

Það verður örugglega fróðlegt að fylgjast með framvindu verkefnisins á www.ohu.is á komandi misserum enda virðist þarna geta skapast Win-win fyrir mjög marga.